



19. stjórnarfundur LH 30. mars 2020 kl. 20:00 - Símafundur

Á símafund: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Eggert Hjartarson, Ólafur Þórisson, Stefán Logi Haraldsson, Sóley Margeirsdóttir, Oddrún Ýr Sigurðardóttir og Ágúst Hafsteinsson úr aðalstjórn, Siguroddur Pétursson, Rósa Birna Þorvaldsdóttir og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn

Fjarverandi: Þórdís Arnardóttir og Lilja Björk Reynisdóttir úr varastjórn

Einnig mætt: Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

1. Formaður setur fund og stjórnar fundi

2. Samþykktir fundargerðar

Fundargerð 18. fundar samþykkt.

3. Nýliðun í hestamennsku - félagsheshús hestamannafélaga (VFS)

Hestamannafélögin Fákur, Sprettur, Sörli og Hornfirðingur hafa rekið félagsheshús í nokkur ár þar sem börn og unglingar geta leigt aðstöðu og tekið sín fyrstu skref í hestamennsku. Hafa félagsheshúsin reynt skila nýliðun inn í hestamenskuna. Samantekt um rekstrarform og starfsemi félagsheshúsanna verður send á formenn hestamannafélaga og kynnt á vefsvæði LH.

4. Ert þú í hestamannafélagi? – samfélagsmiðlaátak HOI og LH

Horses of Iceland og LH fengu auglýsingastofu til að vinna auglýsingaherferð sem verður keyrð á samfélagsmiðlum HOI og LH og einnig afhent hestamannafélögum til að nýta á sínum vefsvæðum. Herferðin fer í loftið í byrjun apríl.

5. Norðurlandamót

Tillaga barst frá mótshöldurum að færa Norðurlandamót aftur um tvær vikur, úr viku 31 til viku 33 vegna stöðunnar af völdum COVID-19. Íslandsmót er í viku 33. Lagt var til í samráði við landsliðsnefnd að færa mótið í viku 35. Símafundur verður með NIHC á morgun.
Afgreiðsla: Dagsetningum á mótum á Íslandi verður ekki breytt þar sem óvíst er hvort Norðurlandamót verður haldið.

6. Fundir stjórnar LM ehf. með Rangárbökkum varðandi horfur um Landsmót

a. LM ehf. fundaði í síðustu viku með stjórn Rangárbakka varðandi stöðu Landsmóts 2020. Ákveðið var að leita stuðnings stjórnvalda ef til þess kemur að forsendur Landsmóts breytast í ljósi aðstæðna vegna Covid-19. Rangárbakkar, LM ehf., LH og FHB senda sameiginlegt bréf til ráðamanna og óska eftir fundi í kjölfarið með ráðherrum.

b. Stjórnarfundur LM ehf. var haldinn í síðustu viku, verið er að vinna að uppgjöri milli LH og LM ehf. vegna tekna WF-myndbanda og vinnuframlags skrifstofu LH til LM. Ársreikningur LM er í vinnslu.



7. Staða vegna Covid-19

Ljóst er að tekjur LH á árinu verða minni en áætlað var vegna COVID-19. Líkur eru á að fjáröflunarmót landsliðsins verði ekki haldið þetta árið og tekjur vegna skráningargjalda í Sportfeng fyrir mars, apríl og maí verða litlar sem engar, en þær voru rúmlega 800.000 á síðasta ári. Vonast er til að fjárstuðningur ríkisins við íþróttahreyfinguna og þau önnur úrræði sem þegar hafa verið boðuð, til dæmis varðandi rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfshlutfalli, muni hjálpa til við rekstur sambandsins.

Í samráði við ÍSÍ gaf LH út tilmæli um að öllum opinberum reiðhöllum skuli lokað á meðan á samgöngubanni stendur, eins og öðrum íþróttamannvirkjum.

8. Staðan á skrifstofu LH

LH mun nýta sér úrræði stjórnvalda um tímabundið minnkað starfshlutfall starfsmanna í apríl og maí. Samið hefur verið við Hjörnýju um að fara tímabundið úr 100% í 50% starfshlutfall og Vilfríður fer úr 70% í 50% starfshlutfall og munu þær greiðslur úr atvinnuleysistryggingasjóði á móti.

Afgreiðsla: Starfsmönnum þakkað fyrir að samþykka þessar breytingar og sína stöðunni skilning.

9. Aðgangur hestamannafélaga að myndböndum í WF

Hestamannafélögin Léttir, Sörli, Glaður, Sindri og Grani hafa nýlega gengið frá kaupum á aðgangi að myndefni frá Landsmótum í Worldfeng fyrir sína félagsmenn.

10. Afreksstarf LH 2019 – skýrsla til Afrekssjóðs ÍSÍ

Lokaskýrsla um afreksmál sérsambanda ásamt ársreikningi 2019 verður skilað til Afrekssjóðs ÍSÍ 31. mars.

Stjórn beinir því til landsliðsnefndar að mikilvægt er að dagskrá landsliðsins liggi fyrir með góðum fyrirvara svo landsliðsknapar geti skipulagt árið í samræmi við dagskrána.

11. Æskan og hesturinn á höfuðborgarsvæðinu – beiðni um styrk

Stjórn sýningarinnar Æskan og hesturinn biður um styrk að fjárhæð 75.000 kr. til að fjármagna auglýsingar, skemmtiatriði o.fl. Sýningin var á dagskrá sunnudaginn 26. apríl.

Afgreiðsla: Samþykkt með þeim fyrirvara að sýningin verði haldin.

12. Skráning á gömlum Íslandsmetum á heimasíðu LH

Athugasemdir bárust um að skráning á handklukkumettímum í 150 m. skeiði væri ábótavant en hefur nú verið bætt úr sem hér segir:

13.62" Logi Laxdal / Þormóður Rammi frá Svaðastöðum, Kjóavellir, Metamót Andvara - 2. sept. 2001

13.80" Lúta frá Ytra Dalsgerði / Þórður Þorgeirsson - Suðurlandsmót 23. ágúst 1997

13.80" Penni frá Arnarholti / Magnús Halldórsson - Fjórðungsmót í Reykjavík 1985

Skoða þarf skráningu á metum í fleiri greinum, tekin með handklukku.

Fundi slitið um kl. 21.17